

Ed. 527. Frumvarp til laga [184. mál]

um hluttryggingasjóð bátáútsvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er heiti hluttryggingasjóður bátáútsvegsins. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að bæta aflahluti útgerðar og skipshafna, þegar almannan aflabrest ber að höndum. Trygging samkvæmt lögum þessum er skyldutrygging.

3. gr.

Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, síldveiðideild og almenna fiskideild.

Réttindi í síldveiðideild eiga öll íslensk skip bátaflotans, sem gerð eru út á síldveiðar með herpinót eða svipuðum veiðarfærum.

Réttindi í almennu fiskideildinni eiga þau skip bátaflotans, sem þorskveiðar stunda með línu, botnvörpu, dragnót, netum o. s. frv., ef skipshöfn er ráðin upp á hlut eða hundraðshluta af aflaverðmæti.

4. gr.

Til þess að ákveða, hvað teljast skuli almennur aflabrestur, reiknar Fiskifélag Íslands árlega út meðalaflamagn skipa á hverri vertíð, miðað við fullan úthaldstíma, seinustu fjögur árin á þorskveiðum, og á sama hátt meðalaflamagn skipa seinustu átta árin á síldveiðum, og ber sjóðnum að veita aðstoð innan þeirra takmarka, sem lög þessi setja, ef aflamagn nær eigi 75% af meðalafla á þorskveiðum og 65% á síldveiðum.

Meðalafli síldveiðiskipa á hverri vertíð reiknast fyrir landið allt. En meðalafli skipa í fiskideild reiknast sérstaklega fyrir ákveðin svæði og eru þau þessi:

- a. Faxaflói, ásamt Sandgerði, Grindavík, Eyrarbakka, Stokkseyri og Vestmannaeyjum.
- b. Austfirðir og Hornafjörður.
- c. Norðurland.
- d. Vestfirðir og Breiðafjörður.

Þá kemur til aðstoðar sjóðsins vegna fiskideildar, ef meðalafli á einhverju nefndra svæða nær eigi 75% af meðalaflamagni seinustu fjögurra ára.

5. gr.

Bótatímabil séu fyrir öll svæðin vetrar- og vorvertíð saman, en haustvertíð teljist sérstakt bótatímabil. Þá séu sumarsíldveiðar og vetrarsíldveiðar einnig aðskilin bótatímabil.

Bátar, sem sumarróðra stunda, eru undanþegnir árlegum gjöldum til sjóðsins vegna þeirra veiða.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Ráðherra sá, er með sjávarútvegsmál fer, skipar þrjá þeirra, sinn eftir tilnefningu hvers aðila: Alþýðusambands Íslands, Landssambands isl. útvegsmanna og Fiskifélags Íslands, en tvo án tilnefningar, og skal annar þeirra skipaður formaður stjórnarinnar. — Enn fremur skipar ráðherra tvo endurskoðendur.

Fiskifélag Íslands annast afgreiðslu sjóðsins undir eftirliti sjóðsstjórnar og yfirstjórn ráðherra. Stjórnar- og afgreiðslukostnaður greiðist af fé sjóðsins, og skiptist hann á fiskideild og síldveiðideild í réttu hlutfalli við tekjur þeirra seinasta reikningsár.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild stjórnartíðindanna.

7. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

Helsingur eignaraukaskatts, sem innheimtur verður samkvæmt II. kafla laga nr. 128 1947, um dýrtiðarráðstafanir.

Nú nær stofnfé samkvæmt þessari grein ekki fimm milljónum króna, og skal ríkissjóður þá leggja fram það, sem til vantar.

Stofnfé sjóðsins skiptist að jöfnu milli fiskideildar og síldveiðideildar.

8. gr.

Árlegar tekjur sjóðsins eru:

1. 1% — einn af hundraði — af óskiptum vertíðarafla bátaflotans.
2. Framlag úr ríkissjóði að jöfnu á móti 1. lið.
3. Vextir og aðrar tekjur sjóðsins.

Tekjur samkvæmt 1. lið skiptast á deildirnar þannig, að tekjur vegna síldveiða falla síldveiðideild, en tekjur vegna þorskveiða fiskideild. Tekjur samkvæmt 2. lið, framlag ríkissjóðs, skiptist til deildanna í sömu hlutföllum.

Gjald samkvæmt 1. lið innheimta hreppstjórar eða lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri, hver í sínu umdæmi, og má gera lögtak í eignum útgerðarmanns fyrir því.

9. gr.

Stjórn sjóðsins flokkar skip hvorrar deildar eftir stærðum. Skipa skal hverju skipi í flokk strax við innritun, þannig að skip með svipaða aflamöguleika verði sér í flokki.

Nú hefur almennur aflabrestur orðið á einhverju veiðisvæði, svo að til sjóðsins kasta komi um bætur. Reiknar þá Fiskifélag Íslands út meðaltal aflaverðmætis hvers skipaflokks síðustu fjögur ár á þorskveiðum og síðustu átta ár á síldveiðum. Skal hvert það skip, sem aflar 45% eða minna af meðalaflaverðmæti skipa í sínum flokki á viðkomandi veiðisvæði, fá bætt 40% af því, sem á vantar meðalaflaverðmæti, og síðan með vaxandi afla, lækkandi hundraðshluta bóta, samkvæmt eftirfarandi reglu:

Skip sem aflar 45 % af meðalafla fær 40 % bætur af því sem á vantar meðaltal.
— — — 46 — — — — — 39 — — — — — — — — —
— — — 47 — — — — — 38 — — — — — — — — —
— — — 48 — — — — — 37 — — — — — — — — —
— — — 49 — — — — — 36 — — — — — — — — —
— — — 50 — — — — — 35 — — — — — — — — —
— — — 51 — — — — — 34 — — — — — — — — —
— — — 52 — — — — — 33 — — — — — — — — —
— — — 53 — — — — — 32 — — — — — — — — —
— — — 54 — — — — — 31 — — — — — — — — —
— — — 55 — — — — — 30 — — — — — — — — —
— — — 56 — — — — — 29 — — — — — — — — —
— — — 57 — — — — — 28 — — — — — — — — —
— — — 58 — — — — — 27 — — — — — — — — —
— — — 59 — — — — — 26 — — — — — — — — —
— — — 60 — — — — — 25 — — — — — — — — —
— — — 61 — — — — — 24 — — — — — — — — —
— — — 62 — — — — — 23 — — — — — — — — —
— — — 63 — — — — — 22 — — — — — — — — —
— — — 64 — — — — — 21 — — — — — — — — —
— — — 65 — — — — — 20 — — — — — — — — —
— — — 66 — — — — — 19 — — — — — — — — —
— — — 67 — — — — — 18 — — — — — — — — —
— — — 68 — — — — — 17 — — — — — — — — —
— — — 69 — — — — — 16 — — — — — — — — —
— — — 70 — — — — — 15 — — — — — — — — —

Skip, sem fá 71—74% af meðalafla, fá bætt þannig, að þau fái það, sem á vantar að afli þeirra ná 74,5% að meðaltali. Þau skip, sem náð hafa aflaverðmæti yfir 75% að meðaltali, njóta ekki bóta úr sjóðnum.

Hrökkvi fé sjóðsins ekki til úthlutunar samkvæmt ofanskráðu, skal úthlutun lækkuð hlutfallslega. Á sama hátt má stjórn sjóðsins, að fengnu samþykki ráðherra, hækka úthlutun, ef mikil þörf er fyrir bætur og fjárhagur sjóðsins leyfir.

Aldrei má ganga nær sjóðnum en svo, að eftir séu 30% af fé því, sem í honum var, er úthlutun hófst.

10. gr.

Nú kemur í ljós, að sami bátur hefur við þrjár úthlutanir í röð aflamagn langt fyrir neðan meðallag, og er sjóðsstjórn þá heimilt að ákveða að útiloka hann frá bótum framvegis, nema útgerðarmaður hafi áður gert ráðstafanir, er sjóðsstjórnin metur gildar, til bættra aflabragða bátsins.

11. gr.

Nú fær útgerðarmaður fé úr sjóðnum, og getur stjórn hans þá krafizt þeirrar tryggingar af útgerðarmanninum, sem henni þykir þörf, fyrir því að fénu verði varið

til greiðslu á eftirtöldum gjaldaliðum í þeirri röð, sem hér er talið: Kaup og fæði skipverja, váttryggingargjöld, vextir af lánum gegn 1. og 2. veðrétti í skipinu, olíur og kol, veiðarfæra- og beitukostnaður, hafnargjöld, vitagjöld, vatnsgjöld og önnur hliðstæð gjöld, eftir því sem greiðslur hrökkva til hverju sinni.

12. gr.

Sjóðurinn telst stofnaður með gildistöku laga þessara, og skulu tekjur samkv. 8. gr. innheimtar frá þeim tíma, en þó skulu bætur úr sjóðnum fyrst greiddar, er hann hefur starfað minnst eitt ár.

13. gr.

Peir, sem fá bætur samkvæmt lögum þessum, eru skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga um rekstur skipa þeirra, sem bætur eru miðaðar við, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

14. gr.

Í reglugerð skal setja nákvæm fyriræli um, hvaða skip falli undir skyldu-tryggingu þessa frá ári til árs, fjáröflun sjóðsins, úthlutun bóta, stjórn sjóðsins o. fl., er nánari reglur þarf um í framkvæmd, þar á meðal, ef þurfa þykir, nánari ákvæði, er fyrirbygggi að fé sjóðsins sé varið til að viðhalda útgerð, sem ekki getur borið sig.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 109 30. des. 1943, um hluta-tryggingafélög.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hugmyndin um að stofna sjóð til þess að bæta aflahluti á bátafлотanum í aflaleysisárum er ekki ný. Sigurður Kristjánsson flutti frumvarp til laga um jöfnunar-sjóð aflahluta á Alþingi 1939, og var það síðan flutt á þremur þingum eftir það, en hlaut aldrei fullnaðarafgreiðslu í því formi. Hins vegar voru sett lög um hluta-tryggingafélög á Alþingi 1943, en þau lög voru aðeins heimildarlög og hafa hvergi verið framkvæmd, nema í Bolungavík, og má því telja að sýnt sé, að löggjöf um hluta-tryggingar fyrir bátautveginn komi því aðeins að notum, að um skyldu-tryggingu sé að ræða.

Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 128 frá 1947, um dýrtíðarráðstafanir, er svo fyrir mælt, að hálfur eignaraukaskattur samkvæmt II. kafla þeirra laga, skuli renna í afla- og hluta-tryggingasjóð fyrir bátautveginn, ef stofnaður yrði. Samkvæmt því fól sjávar-útvegsráðuneytið Fiskifélagi Íslands og Landssambandi ísl. útvegsuanna að semja frumvarp til laga um sjóðinn, en það frumvarp mætti mikilli andstöðu. Þegar sýnt var, hverjar undirtektir frumvarp þetta fékk, fól ráðuneytið alþingismönnum um Birni Kristjánssyni, Hannibal Valdimarssyni og Sigurði Kristjánssyni, ásamt þeim Gunnari Þorsteinssyni, hæstaréttarlögmanni, Þorvarði K. Þorsteinssyni, stjórnarráðsfulltrúa og Óla Valdimarssyni, forstöðumanni reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, að semja nýtt frumvarp um sjóðinn, og hafa þeir samið frumvarp það, er hér liggur fyrir. Þó ber þess að geta, að Gunnar Þorsteinsson hafði sérstöðu við afgreiðslu málsins og lagðist gegn nokkrum greinum frumvarpsins og taldi sig ekki geta samþykkt það í heild.

Þá breytingu hefur ráðuneytið gert á frumvarpinu, að iðgjöld til sjóðsins samkvæmt 1. lið 8. gr. hafa verið lækkuð úr 2% af óskiptum vertíðarafla í 1%, og nýrra grein (12. gr.) bætt inn í það, þar sem ákveðið er, að þá fyrst komi til bóla úr sjóðnum, er hann hefur starfað minnst eitt ár. Þá hefur og verið bætt inn 13. gr.,

samkvæmt ósk Fiskifélags Íslands. Ráðuneytið lækkaði iðgjöld samkvæmt 1. lið 8. gr. vegna þess að það telur ekki fært að leggja þung iðgjöld á útveginn í þessu skyni ofan á öll önnur tryggingagjöld, sem á honum hvíla. Telur ráðuneytið betra að fara hægara af stað í þessu efni og láta þá heldur safnast fé í sjóðinn í eitt ár eða svo, áður en hann tekur að öðru leyti til starfa. Eins og ástatt er, bæði hvað hag ríkis-sjóðs og útvegsmanna snertir, virðist þetta vera nauðsynlegt og öllu brýnni nú sú nauðsyn, heldur en hún var s. l. haust, þegar málið var til umræðu hjá útvegsmönnum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 2. gr.

Bætur samkvæmt frumvarpinu verða greiddar útgerðarmanni. Hugtakið „almennur aflabrestur“ ákveðst eftir nánari reglum, sem grein er fyrir gerð í 4. grein. Ætlazt er til, að það verði m. a. ákveðið í reglugerð, hvort smærri skip en t. d. 5 rúmlestir komi undir skyldutryggingu samkvæmt frumvarpinu. — Botnvörpungar falla að engu leyti undir ákvæði frumvarpsins.

Um 3. gr.

Sjálfsagt þótti að skipta sjóðnum í tvær deildir, fiskveiðideild og síldveiðideild, þar eð eðli þessara veiða og afkomumöguleikar virðast sjaldnast eiga samleið. Ástæða getur verið til að setja nánari ákvæði um það í reglugerð, hverjir njóta skuli réttinda í hvorri deildinni um sig, einkum ef veiðiaðferðir eru blandaðar á sama úthaldstímabili.

Um 4. gr.

Enginn aðili þótti hafa jafngóða aðstöðu og Fiskifélag Íslands til að annast útreikninga um meðalafla, og var því talið sjálfsagt að fela því þann vanda.

Reynsla seinustu ára hefur einkum fært mönnum heim sanninn um það, að sildarleysisár geta komið mörg í röð, og þótti því rétt að reikna út meðalafllann á síldveiðum miðað við meðaltal 8 ára tímabils, þó að fjögur ár teldust gefa sæmilega glögga mynd af meðalafla á þorskveiðum.

Mjög getur það verið álitamál, hve mikið afli þurfi að vikja frá meðalafla til þess að talið verði, að um aflabrest sé að ræða, þannig að til bóta komi úr sjóðnum. Hér er gert ráð fyrir, að til bóta komi úr fiskveiðideild sjóðsins, ef meðalafli á vertíð nær eigi þremur fjórðu hlutum fjögurra ára meðalafllans, og úr síldveiðideild, ef meðalafli á sildarvertíð nær eigi 65% af 8 ára meðalafla.

Ekki þótti líklegt, að sjóðurinn yrði þess megnugur að bæta skakkaföll á síldveiðum í hvert sinn, er afli viki 25% frá meðalafla, eins og talið er fært um þorskveiðar, enda mest um vert að sjóðurinn geti hlaupið undir bagga, þegar verst árar. Hins vegar þótti við það unandi, þótt ekki yrði unnt að veita bætur úr síldveiðideild, fyr en afli hefur vikið 35% frá meðalafla, með tilliti til þess, hve stutt úthaldstímabil síldveiðanna er, og hins, að góðari á síldveiðum getur gefið betra búsilag en vænta má af þorskveiðum.

Sjálfsagt þótti að heimila fiskveiðideild að koma til aðstoðar í hverjum þeim landshluta, sem ætti við almennan aflabrest að búa, þótt aflabrogð miðað við landið allt gætu verið jafnvel yfir meðallag. Við það er svæðaskipting samkv. þessari grein miðuð.

Um 5. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 6. gr.

Hér er lagt til, að sá aðili, sem annast grundvallarútreikning fyrir starfsemi sjóðsins, Fiskifélag Íslands, annist einnig rekstur hans. Komið gæti þó til mála að fela það öðrum aðila, t. d. Fiskveiðasjóði, ef hagkvæmara þætti.

Um 7. gr.

þarf ekki skýringa við.

Um 8. gr.

Álitamál getur verið, hvort ekki væri rétt að taka hærri hundraðshluta af óskiptum afla síldveiðiskipa, annars vegar sökum mikilla bótaþarfa í aflaleysis-árum, en hins vegar með tilliti til, hve miklir aflamöguleikar á þessum veiðum gætu gert slíkt kleift. Hér er þó gert ráð fyrir 1% framlagi af óskiptum afla í báðum deildum sjóðsins. Ógerlegt þótti að láta þorskveiðar að neinu leyti standa undir bótum til síldveiða, þar sem sú veiði hefur, þrátt fyrir allt, þótt arðvænlegri en þorskveiðarnar.

Um 9. gr.

Við úthlutun bóta verður að reikna út verðmæti aflans sem grundvöll fyrir aðstoð, þar eð lítið aflamagn t. d. á dragnót eða hjá síldveiðiskipi, sem saltar afla sinn, getur gefið bæði útgerð og sjómönnum stórum betri afkomu en meira aflamagn á þorskveiðum eða hjá síldarskipum, sem leggja allan afla sinn í bræðslu. Reglan um bætur þarf naumast skýringa við.

Um 10. gr.

Greinin er heimild og miðar að því að fyrirbyggja, að skip, sem ávallt sýna lítil veiðiafköst, geti til frambúðar treyst á aðstoð sjóðsins, sbr. og niðurlagsákvæði 12. greinar.

Um 11. gr.

Rétt þykir að hafa hér slíkt ákvæði, sem hér um ræðir, til þess að unnt sé að fyrirbyggja að fé, sem veitt yrði úr sjóðnum, og fengið er a. m. k. að hálfu úr ríkissjóði, verði notað til annarra hluta en tilgangur þessa sjóðs gerir ráð fyrir.

Um 12. og 13. gr.

þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Augljóst er, að í framkvæmd slíkrar löggjafar sem þessarar, geta komið fyrir margvísleg atvik, sem enginn sér nú fyrir, og er því sjálfsagt að gera ráð fyrir því, að ákveða megji með reglugerð síft hvað um stjórn sjóðsins og starfrækslu, þótt ekki sé sérstaklega ráð fyrir því gert í lögum þessum, þó svo, að ekki brjóti í hág við nein ákvæði laganna.